

Kópavogi, 12. desember 2012

Efni: Umsögn um Þskj. 602 - 468. mál á 141. löggjafarþingi 2012-2013.

1. Almennt

Hér á eftir eru raktar athugasemdir Deloitte við þingsjalið eftir því sem við á.

2. Fyrirhugaðar breytingar á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt með síðari breytingum.

Hækkun virðisaukaskatts af útleigu hótél- og gistiherbergja og annarri gistingunustu

Samkvæmt frumvarpinu er fyrirhugað að hækka virðisaukaskatt af útleigu hótél- og gistiherbergja og annarri gistingunustu úr 7% í 14%. Ákvæðið á að öðlast gildi 1. maí 2013 og tekur til afhendingar og útleigu hótél- og gistiherbergja og annarrar gistingunustu frá og með þeim degi.

Sú breyting sem hér er lögð til hlýtur að teljast í andstöðu við þá viðleitni að einfalda virðisaukaskattsskil aðila. Að mati Deloitte er óskynsamlegt að vera með annað þrep á gistingunustu en á veitingum sem í all mörgum tilvikum fylgir sölu á gistingunustu og ljóst að slíkt fyrirkomulag veldur erfiðleikum í eftirliti sem og tilhneigingu til að verðleggja með öðrum hætti en ef starfsemi þessara aðila væri öll í sama skattþrepi.

Virðisaukaskattur í ferðaþjónustu er mismunandi. Sum ferðaþjónusta telst undanþegin starfsemi eins og fólksflutningar, þ.m.t. hestaferðir, sum ferðaþjónusta ber 7% virðisaukaskatt (matvara/veitingar) og sum 25,5% virðisaukaskatt. Nú er gert ráð fyrir að hluti ferðaþjónustunnar beri 14% virðisaukaskatt. Þá gildir mismunandi hlutfall virðisaukaskatts hvort t.d. um er að ræða skipulegar ferðir (t.d. skipulegar snjósleðaferðir) eða ekki (t.d. er útleiga snjósleða í 25,5% þrepi).

Í ljósi þess sem að framan greinir er það mat Deloitte að skynsamlegra væri að endurskoða í heild álagningu virðisaukaskatts á ferðaþjónustu með það að markmiði að hafa þar aðeins eitt skattþrep.

Í gildistökuákvæðinu kemur fram að ákvæðið taki gildi 1. maí 2013 og taki til afhendingar og útleigu hótél- og gistiherbergja og annarrar gistingunustu frá og með þeim degi. Samkvæmt 2. mgr. 13. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, telst afhending skattskyldrar vöru eða þjónustu fara fram við útgáfudag reiknings, enda sé hann gefinn út fyrir eða samtímis afhendingu.

Í ferðaþjónustu eru gerðar pantanir nokkuð fram í tímann og eflaust hafa þegar verið seldar ferðir með gistingu þar sem afhending (gisting) á sér stað eftir 1. maí 2013. Ljóst er að fullgreidd gisting fyrir gildistöku ákvæðisins telst skattskyld í 7% þrepi. Hins vegar er það álit Deloitte að ekki sé ljóst samkvæmt gildistökuákvæðinu hvernig söluaðilar gistingar fara með gistingunustu sem veitt er eftir 1. maí 2013 hafi gistingin verið greidd að hluta fyrir þann tíma. Hér sem endranær þykir rétt að hafa

3. Fyrirhuguð breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum

Einhver villa virðist vera í útreikningi á nýju almennu tryggingagjaldi. Okkur reiknast til að almennt tryggingagjald lækki úr 7,79% í 7,69%. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að tryggingagjaldið hækki í 7,89%

4. Fyrirhuguð breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt með síðari breytingum.

a. Vaxtaskiptasamningar.

Fyrirhugað er að tilgreina sérstaklega tekjur vegna vaxtaskiptasamninga (e. interest rate swap) í viðeigandi ákvæðum laganna. Vaxtaskiptasamningar eru algengasta form skiptasamninga þar sem annar aðilinn greiðir fasta vexti á ákveðinn höfuðstól í ákveðið mörg ár í framtíðinni og hinn aðilinn greiðir fljótandi vexti á sama höfuðstól yfir sama tímabil. Annað form skiptasamninga eru gjaldmiðlaskiptasamningar (e. cross currency swap) þar sem bæði er skipt á vöxtum og mynt. Þar sem um tvennskona skiptasamninga er að ræða sem notaðir eru í íslensku viðskiptalífi þykir eðlilegt að getið verði í lögum um tekjuskatt hvernig fara skuli með tekjur skv. vaxtaskiptasamningum og gjaldmiðlaskiptasamningum.

b. Afleiðusamningar.

Deloitte fagnar fyrirhuguðum breytingum á skattlagningu afleiðusamninga þar sem undirliggjandi verðmæti eru eingöngu hlutabréf.

c. Vaxtagreiðslur til erlendra aðila.

Deloitte fagnar fyrirhugaðri niðurfellingu á skattlagningu vaxta greiddra til erlendra aðila sem ætti að draga úr kostnaði innlendra aðila sem greiða vexti til erlendra lánveitanda. Sú niðurstaða er almennt í samræmi við skattarétt í okkar helstu nágrannaríkjum. Hins vegar teljum við að skynsamlegt sé að taka á lagaskilum í bráðabirgðaákvæði.

d. Tímabundin vinna útsendra starfsmanna.


Deloitte fagnar bráðabirgðaákvæði um tímabundna vinnu útsendra starfsmanna í ljósi þeirrar staðreyndar að innlend fyrirtæki eru í auknum mæli að senda starfsmenn til starfa erlendis í ljósi þess atvinnuástands sem hér ríkir.

5. Niðurlag

Ekki eru gerðar frekari athugasemdir við frumvarp þetta en að ofan greinir að öðru leyti en því að Deloitte saknar þess að gildistími bráðabirgðaákvæða er taka til skattalegrar meðferðar á eftirgjöf skulda atvinnurekstraraðila er ekki framlengdur. Telja verður að þörf sé á framlengingu gildistíma bráðabirgðaákvæðisins þar sem fjárhagslegri endurskipulagningu margra þeirra aðila sem urðu illa úti í efnahagshruninu er ekki lokið.

Virðingarfyllst f.h. Skatta- og lögfræðisviðs Deloitte ehf.


Guðmundur Skúli Hartvigsson


Vala Valtýsdóttir